

100 Reglugerð þessi öðlast gildi 1. nóvember 1933 og frá sama tíma er felld úr
16. okt. gildi reglugerð um skipun póstmála 24. janúar 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

101

18. okt.

G J A L D S K R Á
fyrir rafveitu Eyrarbakka.

1. gr.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

- a. Öll raforka er seld eftir mæli, til ljósa á kr. 1.00 fyrir hverja kilóvattstund; til iðnaðar á kr. 0.50 fyrir kilóvattstund.
- b. Straummælar þeir, sem eru eign rafveitunnar, eru leigðir notendum og reiknast leigan fyrir hvern mánuð eftir á kr. 0.80 um mánuðinn.

2. gr.

Gjöldin fyrir raforku, svo og leigan fyrir straummæla greiðist eftir hvern aflestur. Ef gjöldin eru ekki greidd einum mánuði eftir gjalddaga, er rafveitunni heimilt að taka strauminn af notanda, eftir skriflega aðvörum.

3. gr.

Gjöldin fyrir raforku og mælisleigu má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka frá 17. febrúar 1923.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.